

FUNDARGERÐ

235. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra var haldinn miðvikudaginn 24. apríl 2024 í gegn um Teams.

Mætt

Úr Heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Skarphéðinn Birgisson
Stefán Haukur Grímsson
Anna Karen Úlfarsdóttir
Sigríður Friðný Halldórsdóttir
Kristín Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Jóhannes Haukur Hauksson
Oddgeir Sigurjónsson

Dagskrá

- Fundargerð síðasta fundar
- Hamragerði 15 á Akureyri dagsektir vegna umgengni á lóð
- Auto ehf. Setbergi Svalbarðsströnd
- Erindi frá Landi og skógi
- Niðurstöður eftirlits með veitingastöðum. Ályktun frá neytendasamtökunum
- Umsagnir
- Útgefin starfsleyfi
- Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
- Staðfestar skráningar
- Starfamannamál
- Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 234. fundar Heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 7. febrúar sl. Þá var m.a. rætt um umgengni á lóð Auto ehf. á Svalbarðsströnd og samþykkt að beita dagsektum til að knýja á um bættu umgengni á lóðinni við Hamragerði 15 á Akureyri.

2. Hamragerði 15 á Akureyri dagsektir vegna umgengni á lóð

Á 234. fundi Heilbrigðisnefndar var samþykkt að leggja dagsektir á lóðarhafa frá og með 26. febrúar sl. vegna brota á 1. og 3. gr. samþykktar nr. 463/2002 um umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra með síðari breytingum, vegna brots á 1.mgr. 18. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og vegna brots á 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023. Ákvörðun um dagsektir var tekin í samræmi við 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Enn hefur ekki verið brugðist við kröfum Heilbrigðisnefndar um tiltekt á lóðinni. Innan lóðarmarka eru á þriðja tug ökutækja í misjöfnu ástandi, auk fleiri lausamuna. Lóðin er því enn til lýta fyrir umhverfið og umgengni um hana veldur nágrönnum og vegfarendum ama.

Heilbrigðisnefnd undrast aðgerðarleysi og tómlæti lóðarhafa í máli þessu. Nefndin minnir á að innheimtu dagsekta verður haldið áfram þar til úr verður bætt. Þá íhugar nefndin að endurskoða upphæð dagsekta á næsta fundi hafi tiltekt á lóðinni þá ekki enn farið fram.

3. Auto ehf. Setbergi Svalbarðsströnd

Á 234. fundi Heilbrigðisnefndar þann 7. febrúar sl. fór nefndin fram á að tekið yrði til á lóð fyrirtækisins og að forgangsverkefni væri að fjarlægja ökutæki og aðra lausamuni sem blasa við frá þjóðvegi. Einnig var fyrirtækið hvatt til þess að geyma ökutæki sín á til þess ætluðum svæðum, í framhaldi af því að 7 ökutæki í eigu Auto ehf. voru tekin í vörslu Akureyrarbæjar í janúar sl. Þá var bent á að fyrirtækið er án starfsleyfis.

Ekki hefur verið brugðist við kröfum Heilbrigðisnefndar um tiltekt á lóðinni og númerslausum bílum í umsjón fyrirtækisins er áfram komið fyrir innan bæjarmarka Akureyrarbæjar. Um 20 ökutæki á vegum Auto ehf. hafa verið tekin í vörslu Akureyrarbæjar það sem af er ári.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita fyrirtækinu frest til 1. júní nk. til þess að taka til á lóð sinni og fjarlægja bíla og lausamuni sem blasa við frá þjóðvegi. Verði ekki brugðist við fyrir þann tíma íhugar nefndin að beita þvingunarúrræðum í samræmi við XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Þá ítrekar nefndin þau tilmæli að ökutæki í eigu og umsjón Auto ehf. séu geymd á til þess ætluðum svæðum á vegum fyrirtækisins.

4. Erindi frá Landi og skógi

Með bréfi dagsettu 4. mars sl. gerði Land og skógur, áður Landgræðslan grein fyrir því hvernig fyrirhugað er að standa að seyrudreifingu til landgræðslu á Hólasandi sumarið 2024. Fyrirhugað er að seyrur sem geymd hefur verið í tanki á Hólasandi yfir vetrartímam verði dælt úr tanknum í gegnum hreinsibúnað sem hreinsar frá ólífrænt rusl. Seyrunni verður í framhaldi af hreinsun dreift yfir fyrir fram skilgreint svæði á sandinum og kalkað yfir að lokum.

Heilbrigðisnefnd þakkar bréfið og samþykkir fyrir sitt leyti það fyrirkomulag sem þar er kynnt.

5. Niðurstöður eftirlits með veitingastöðum. Ályktun frá Neytendasamtökunum

Þann 12. mars sl. skoraði stjórn Neytendasamtakanna á viðeigandi stjórnvöld að niðurstöður eftirlits með veitingastöðum verði gerðar sýnilegar neytendum við inngang, líkt og gert er í nágrannalöndum okkar.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra bendir á að samkvæmt 2. mgr. 28.gr. a.) laga nr. 93./1995 er ráðherra heimilt að setja reglugerð um birtingu niðurstaðna vegna eftirlits. Heilbrigðisnefnd tekur undir með Neytendasamtökunum og skorar á Matvælaráðherra að birta slíka reglugerð sem allra fyrst.

6. Umsagnir

1. Tillaga að deiliskipulagi vegna stækkunar frístundabyggðar við Ytri Skáldalæk í Dalvíkurbyggð.
2. Skipulagslýsing vegna deiliskipulags íbúðabyggðar við Böggvisbraut á Dalvík.
3. Skipulagslýsing vegna deiliskipulags íbúðabyggðar á Árskógssandi.
4. Skipulagslýsing vegna deiliskipulags íbúðabyggðar á suðursvæði Dalvíkur.
5. Tillaga að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis við Akurbakkaveg að Grenivík.
6. Tillaga að breyttu aðalskipulagi Hörgársveitar vegna 3. áfanga íbúðarbyggðar við Glæsibæ.
7. Tillaga að nýju deiliskipulagi vegna 3. áfanga íbúðarbyggðar við Glæsibæ.
8. Tillaga að breyttu aðalskipulagi Hörgársveitar vegna hringtorgs og lands Lónsár og Berghóls.
9. Tillaga að breyttu deiliskipulagi Lónsbakka í Hörgársveit.
10. Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020, vegna stækkunar Hóla- og Túnahverfis.
11. Undanþága frá reglugerð nr.798/1999 um fráveitur og skólp fyrir Rifós ehf.
12. Veiðihús í landi Tungusels 681 Þórshöfn.
13. Hitastigulshola á Þeystareykjum, stækkun á vinnslusvæði.
14. Breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps, sandabrot nýtt verslunar og þjónustusvæði.
15. Glettingsstaðir, grenndarkynning byggingarleyfisumsóknar.
16. Tillaga að deiliskipulagsbreytingu Arnarvatns, Skútustaðahreppi vegna stækkunar hótels Laxár.
17. Tillaga að nýju deiliskipulagi vegna ferðaþjónustusvæðið við Akurbakkaveg á Grenivík.
18. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grýtubakkahrepps vegna verslunar- og þjónustusvæðis við Akurbakkaveg á Grenivík.

7. Útgefin starfsleyfi

1. Mývatn ehf. kt. 520491-1399 Skútustaðir 3a, 660 Mývatn, bjórgerð. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
2. Norðurþing kt. 640169-5599 Skólamötuneyti Húsavíkur, Skólagarður 1, 640 Húsavík, Mötuneyti fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla á Húsavík auk starfsmanna stjórnsýsluhúss og Miðjunnar, félagsþjónustu. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**

3. Glerharður ehf. kt. 500602-3410, Auðbrekku 4, 640 Húsavík, tannlæknastofa. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
4. Þekkingarnet Þingeyinga, kt. 670803-3330, Stéttin, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík, símenntun og fullorðinsfræðsla.
5. Þekkingarnet Þingeyinga, kt. 670803-3330, Kistan, Menntasetrinu, 680 Þórshöfn, símenntun og fullorðinsfræðsla.
6. Þekkingarnet Þingeyinga, kt. 670803-3330, Gígur, 660 Mývatn, símenntun og fullorðinsfræðsla.
7. Langanesbyggð kt. 420369-1749 Kistan-þekking og þróun Fjarðarvegi 5, 680 Þórshöfn sala á gistingu án veitingasölu.
8. Íslandshótel kt. 630169-2919, Fosshótel Húsavík viðauki við starfsleyfi, leyfi fyrir hunda
9. Íslandshótel kt. 630169-2919, Fosshótel Mývatn,viðauki við starfsleyfi, leyfi fyrir hunda
10. HGH ehf. kt. 461223-0790, Fosshóli, 645 Fosshóli, hótel með veitingasölu
11. Óðinn Bjarni Hammer kt. 070287-2939, Garðarsbraut 15D 640 Húsavík, gististaður í flokki II-C.
12. Golfklúbbur Húsavíkur kt. 410878-0389 Katlavöllur 640, Húsavík, sala á veitingum veitingastaður flokkur-C
13. Sandhæð ehf. kt.550109-1150, Héðinshöfða 2a 641 Húsavík, tímabundið starfsleyfi til að fjarlægja asbest.
14. Ragnheiður Árnadóttir kt. 260661-4699, Gerði 650 Laugar, sala á gistingu án veitingasölu.
15. Hörgársveit kt. 510101-3830, Leikskólinn Álfasteinn, Lónsbakka, 604 Akureyri, leikskóli.
16. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Leikskólinn Krógaból, Bugðusíðu 3, 603 Akureyri, leikskóli.
17. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Leikskólinn Lundarsel, Hlíðarlundi 4, 600 Akureyri, leikskóli.
18. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Leikskólinn Pálmholt, Þingvallastræti 50, 600 Akureyri, leikskóli.
19. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Leikskólinn Hulduheimar, Kot Kjalarsíðu 3, 603 Akureyri, leikskóli.
20. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Leikskólinn Hulduheimar, Sel Þverholti 3-5, 603 Akureyri, leikskóli.
21. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Leikskólinn Iðavöllur, Gránufélagsgötu, 600 Akureyri, leikskóli.
22. Dalvíkurbyggð kt. 620598-2089, Dalvíkurskóli, 620 Dalvík, grunnskóli.
23. Dalvíkurbyggð kt. 620598-2089, Árskógarskóli, Árskógi 621 Dalvík, grunnskóli.
24. Sjúkrahúsið á Akureyri kt. 580269-2229, Eyrarlandsvegi 601 Akureyri, sjúkrahús með fjölþætta þjónustu.
25. Sjúkrahúsið á Akureyri kt. 580269-2229, Kristnesi, 601 Akureyri, endurhæfingar og öldrunardeild SAK.
26. Grýtubakkahreppur kt. 580169-2019, Grenilundur, Túngata 2, 610 Grenivík, hjúkrunarheimili.
27. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Leikskólinn Naustatjörn, Hólmatúni 2, 600 Akureyri, leikskóli.
28. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Síðuskóli, við Bugðusíðu, 603 Akureyri, grunnskóli.
29. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Glerárskóli, við Höfðahlíð, 603 Akureyri, grunnskóli.
30. Heilbrigðisstofnun Norðurlands kt. 551014-0290, Heilsugæslan á Dalvík, 620 Dalvík, heilsugæslustöð
31. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Oddeyrarskóli, við Víðivelli, 600 Akureyri, grunnskóli.
32. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Brekkuskóli, við Skólastíg, 600 Akureyri, grunnskóli.
33. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Leikskólinn Tröllaborgir, Tröllagili 29, 603 Akureyri, leikskóli.
34. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri, grunnskóli.
35. Bergljót Þorsteinsdóttir kt. 011058-3109, Skógar, Fnjóskadal, 607 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu.
36. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Sundlaug Akureyrar, Skólastígur 4, 600 Akureyri, sundlaug.

37. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Íþróttamiðstöð Glerárskóla, við Höfðahlíð, 603 Akureyri, sundlaug og íþróttahús.
38. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Sundlaug Grímseyjar, Vallargata, 611 Grímsey, sundlaug.
39. Murtur ehf. kt. 421121-0440, Skipagata 10 (301), 600 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu.
40. Fjallkonan ehf. kt. 420191-1629, Húsabakki Svarfaðardal, 621 Dalvík, sala á veitingum og gistingu. **Afgreiðslu frestað**
41. atNorth ehf. kt. 571115-0690, Hlíðarfjallsvegi, 603 Akureyri, varaafsstöð við gagnaver.
42. Orkan ehf. kt. 680319-0730, Héðinsbraut 6, 640 Húsavík, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
43. Orkan ehf. kt. 680319-0730, Ölduslóð 2, Árskógsandi, 621 Dalvík, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
44. Orkan ehf. kt. 680319-0730, Skútustöðum, 660 Mývatn, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
45. Heiðin ehf. kt. 411221-1560, Brúnagerði, Brúarland, 605 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
46. Gamli barnaskólinn Skógum ses kt. 510311-1240, Skógar, Fnjóskadal, 607 Akureyri, kaffisala og safn.
47. Awesomeness ehf. kt. 540214-0690, Freyjunes 4, 603 Akureyri, danskennsla, pole fitness.
48. Vegagerðin kt. 680269-2899, Miðhúsavegi 1, 600 Akureyri, mötuneyti.
49. Holtelsbúíð kt. 6911042490, Holtseli, 605 Akureyri, vatnsveita.
50. Laugar ehf. kt. 631098-2079, World Class Strandgötu 14, 600 Akureyri, líkamsræktarstöð.
51. Laugar ehf. kt. 631098-2079, World Class v/Skólástíg, 600 Akureyri, líkamsræktarstöð.
52. Ferðafélag Akureyrar kt. 670574-0249, Lambi á Glerárdal, Fjallaskáli fyrir 16 manns.
53. Norður sjúkrabjálfun ehf. kt. 600324-1360, Tryggvabraut 22, 600 Akureyri, sjúkrabjálfun.
54. Foks Food ehf. kt. 610324-0960, Hafnarstræti, 600 Akureyri, matsöluvagn.
55. Orkey ehf. kt. 440507-0690, Njarðarnesi 10, 603 Akureyri, framleiðsla á lífdísil.
56. Trolley ehf. kt. 660324-0970, Flugkaffi, Akureyrarflugvelli 600 Akureyri, sala á veitingum.
57. Astro Pizza ehf. kt. 640718-0130, Glerárgötu 34b, 600 Akureyri, framleiðsla á pizzum (heimsótt/sent).
58. Ferðafélag Akureyrar kt. 670574-0249, Bræðrafelli 660, Mývatn, gisting í fjallaskála.
59. Goblin ehf. kt. 470121-0410, Gleráreyrar 1, 600 Akureyri, spilavöruverslun og spilasalur.
60. Þríhöfði ehf. kt. 541223-0960, Geislagata 5, 600 Akureyri, heildverslun með áfengi. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
61. N1 ehf. kt. 411003-3370, Hafnartanga 4, 685 Bakkafirði, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
62. N1 ehf. kt. 411003-3370, Fjarðarvegi 2, 680 Þórshöfn, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
63. N1 ehf. kt. 411003-3370, Aðalbraut 26, 675 Raufarhöfn, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
64. N1 ehf. kt. 411003-3370, Bakkagötu 10, 670 Kópaskeri, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
65. N1 ehf. kt. 411003-3370, Ásbyrgi, 671 Kópaskeri, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
66. N1 ehf. kt. 411003-3370, Grímsey, 611 Grímsey, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
67. N1 ehf. kt. 411003-3370, Hrísey, 630 Hrísey, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
68. N1 ehf. kt. 411003-3370, Laugum í Reykjadal, 650 Laugum, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
69. N1 ehf. kt. 411003-3370, Fosshóli, 641 Húsavík, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
70. N1 ehf. kt. 411003-3370, Reykjahlíð, 660 Mývatn, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
71. N1 ehf. kt. 411003-3370, Tryggvabraut 12-14, 600 Akureyri, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
72. N1 ehf. kt. 411003-3370, Hafnarbraut 22, 620 Dalvík, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.
73. Fjallasalur ehf. kt. 650122-1190, Kotabyggð 14, 606 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu.

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.

8. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE

1. GPG seafood ehf. Kt. 551203-2470, Suðurgarður 4-8 640, Húsavík, heitloftspurrkun fiskafurða.
2. N1 ehf. kt. 411003-3370, Tryggvabraut 3, 600 Akureyri, smurstöð.
3. Íslenska Gámafélagið kt. 470596-2289, Ægisnesi 3, 603 Akureyri, sorphirða, flutningar og umhleðsla á úrgangi.
4. Íslenska Gámafélagið kt. 470596-2289, Réttarhvammur, 603 Akureyri, Gámavöllur (söfnunarstöð fyrir úrgang).

Heilbrigðisnefnd samþykkir að ofantalin starfsleyfi verði gefin út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berst við tillögurnar gefi tilefni til annars.

9. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022

1. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Pálmholt Flúðir, 600 Akureyri, niðurrif mannvirkja.
2. Fiskmarkaður Þórshafnar ehf. kt. 410403-6090, Eyrarvegur 12, 680 Þórshöfn, vinnsla fisks og annarra sjávarafurða.
3. Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf. kt. 60019-42679, Fjölnisgata 2a, 603 Akureyri, bifreiða- og vélaverkstæði, bifreiðasprautun.
4. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Naust 2, 600 Akureyri, niðurrif mannvirkja.
5. Bifreiðaumsjón ehf. kt. 471223-2470, Njarðarnes 1, 603 Akureyri, bifreiða- og vélaverkstæði bón- og bílapvottastöð, bifreiðasprautun.
6. Eyverk ehf. kt. 630623-0220, Staðarhóll, 605 Akureyri, niðurrif mannvirkja.

10. Starfsmannamál

Sex sóttu um stöðu heilbrigðisfulltrúa hjá HNE sem auglýst var í febrúar sl. Gengið hefur verið frá ráðningu Radek Dudziak í stöðuna. Starfshlutfall verður 50% til að byrja með en gert er ráð fyrir að hlutfallið verði 100% þegar líður á sumarið.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ráðninguna og býður Radek velkominn til starfa.

11. Önnur mál

Svifryk á Akureyri var enn til umræð en styrkur þess mældist yfir $110 \mu\text{g}/\text{m}^3$ á hádegi í dag á eina mælinum í bænum sem gagnast almenningi, þar sem enn er ekki búið að koma í gagnið öðrum mælum en þeim sem staðsettur er við Hof. Unnið er að hreinsun gatna en verkið er umfangsmikið og tímafrekt. Í ljósi þess að Akureyrarbær hyggst næsta vetur breyta verklagi hvað varðar hálkuvarnir og bindingu ryks er því velt upp hvort ekki sé rétt að taka sýni og greina innihald og uppruna svifryksins nú á vordögum. Í framhaldinu væri hægt að sjá hvort efnainnihaldið breytist við breytt verklag. Framkvæmdastjóra falið að fylgja þessu eftir með samskiptum við fulltrúa Akureyrarbæjar.

Umgengni í Sjafnarnesi og á Moldhaugnahálsi rædd. Starfsmönnum HNE var falið að afla upplýsinga um málið, grípa til viðeigandi aðgerða eftir aðstæðum og kynna á næsta fundi nefndarinnar sem áætlaður er um miðjan júní.

Fundi slitið kl. 14:00

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi
Jóhannes Haukur Hauksson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Skarphéðinn Birgisson